

Erindisbréf fjallskilastjóra Þingeyjarsveitar

1. Fjallskilastjórar í Þingeyjarsveit eru skipaðir af sveitarstjórn, kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar. Fjallskilastjórar starfa eftir lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 1986 nr. 6 21. mars og Fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps frá 7. júlí 2010.
2. Um hlutverk fjallskilastjóra
 - Fjallskilastjóri hefur á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála innan þeirrar fjallskiladeildar sem hann stjórnar
 - Fjallskilastjóri getur í samráði við sveitarstjórn valið sér samstarfsmenn einn eða fleiri, sem þá teljast ásamt honum stjórn viðkomandi fjallskiladeildar
 - Fjallskilastjórar skulu hver fyrir sig og eftir þörfum sameiginlega ákveða gangna- og réttardaga viðkomandi fjallskilasvæðis. Skal þeirri ákvörðun lokið fyrir 10. ágúst ár hvert.
 - Hver fjallskilastjóri skal halda sérstaka fjallskilabók. Þar skal skrá allt er við kemur fjallskilamálum viðkomandi fjallskiladeildar, þar á meðal landfræðileg mörk fjallskiladeildarinnar.
 - Fjallskilastjórar stjórna í umboði sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar og samkvæmt 8. grein fjallskilasamþykktar hvenær má hefja upprekstur í afrétt að vori.
 - Fjallskilastjóri ber ábyrgð á reikningsfærslu fjallskilasjóðs, innheimtum og gjöldum nema sveitarstjórn ákveði annað. Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.
 - Fjallskilastjóri skal fylgjast með ástandi girðinga og vega á sínu svæði og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
 - Fjallskilastjórar skulu í samráði við sveitarstjórn gríp til ráðstafana, meti Landgræðsla ríkisins ástand afréttar á þann veg að þar þurfi bætt meðferð.
 - Hver fjallskiladeild skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa
3. Fjallskilastjórar í Þingeyjarsveit skulu funda a.m.k. einu sinni á ári með fulltrúa sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar t.d. formanni atvinnumálanefndar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 28.04.2011